FUNDARGERÐ

11. Stjórnarfundur 9. nóvember 2026

Með þessu bréfi er boðað til 11. stjórnarfundar BÍS árið 2026.
Fundurinn verður haldinn í skátamiðstöðinni mánudaginn 9. nóvember 2026 18:30-21:30.

Boðuð á fundinn eru stjórn BÍS, framkvæmdastjóri BÍS og fulltrúi ungmenna

Gestir fundarins eru: Halldóra Inga - fjármálastjóri.

Dagsetning: 9.10.2026

Mætt/ir: Harpa Ósk Valgeirsdóttir (fjarfundur), Þórhallur Helgason, Jakob Burgel, Reynir Tómas Reynisson og Björk Norðdahl, Sævar Skaptason.

Fundarstjóri: Þórhallur Helgason

Fundarritari: Ragnar Þór Þrastarson

Fundur settur: 18:30

- Félagsforingjafundur – boðun
  - Færa fundinn og boða nýjan – ný dagsetning er 20. janúar 2027 kl. 20:00
  - Stjórn skal tilkynna nýjan fund.
- Fundur ÚSÚ – boðun
  - Boða sérfræðinga á næsta stjórnarfund 23. nóvember og í framhaldinu boða stærri samráðsfund í janúar.
- Skjólið
  - Boða skipuleggjendur Skjólsins á stjórnarfund 7.desember.
- Uppgjör ÚSÚ
  - Fjármálastjóri fer yfir 2026 uppgjör ÚSÚ.
  - Rekstrarafgangur rekstrar til dagsins ársins er ágætur og á áætlun en eftir nóvember og desember hallar undan fæti og tap verður á rekstrinum. Tjaldsvæði og styrkir skiluðu inn auka fjármagni sem ekki var gert ráð fyrir.
  - Launaliðurinn í áætlunum var ræddur sérstaklega og bókanir á honum. Mögulega ætti að skipta þessum lið niður svo liðurinn laun starfsmanna sé ekki jafn hár og sé í samræmi við raunveruleg laun.
  - Nú er stærsta málið að sækja á markaðinn og fá meiri viðskipti inn á ÚSÚ.
- Fjárhagsáætlun ÚSÚ 2027
  - Yfirferð fjármálastjóra á fyrstu drögum fjárhagsáætlunar fyrir árið 2027.

- Skátaþing
  - Boða fulltrúa Fossbúa á næsta stjórnarfund – Boða félagsforingja Fossbúa til þess að senda fulltrúa á næsta fund 23. nóvember. Ragnar Auðun mætir á þann fund einnig.
- Skátasafnið
  - Rætt innan stjórnar með stjórn skátasafnsins og að fá liðsauka til aðstoðar.

Fundi slitið - 20:08